

35. fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Haldinn í Ármúla 13, fimmtudaginn, 22. janúar, kl. 08.45

Fundinn sátu:

Sævar Birgisson, Eva Josteinsdóttir, Kristinn Jón Ólafsson, Björn Ragnarsson, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Rannveig Grétarsdóttir, Elísabet Sveinsdóttir (Teams) og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð 34. fundar 4. desember 2025

Samþykkt og undirrituð.

2. Raunverulegir eigendur (til samþykktar)

Helga Hlín Hákonardóttir, lögfræðingur kom og fór yfir umræðu um skráningu á raunverulegum eigendum stofunnar. Ákveðið var að biða með frekari ákvörðun og fá annað álit til stuðnings. Málið verður því tekið upp aftur á næsta fundi og í framhaldinu skoðað hvernig verði sett inn í starfsreglur stjórnar.

3. Yfirlit yfir stöðu og rekstur (til upplýsinga)

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni en m.a. er búið er að klára helstu samninga í tengslum við Visit Reykjavík vörumerkið og Reykjavík City Card sem þurfti að endurnýja samhliða nýjum samningum við sveitarfélögin. Fjárhagsáætlun var uppfærð miðað við stöðu verkefna, aðild og fjármagn frá síðasta ári. Það ánægjulega markmið náðist í síðustu viku að ná 100 þúsund fylgjendum á Instagram en markmiðið hafði verið að ná því fyrir áramótin. Mikið er um vinnustofur á næstunni s.s. um áfangastaðaáætlun, Öskjuhlíð, Elliðaárdalinn, tjaldsvæðin sem og kynning á verkefnum sem við erum að ljúka s.s. Kópavogur og Seltjarnarnes. Þjónusta við ferðamenn er í umræðunni s.s. í tengslum við skýli á sleppistæðum. Enn er beðið eftir upplýsingum frá stjórnvöldum vegna áframhaldandi vinnu í tengslum við almyrkvann.

4. Tiptoe Reykjavík í loftið (til upplýsinga)

Farið yfir stöðu verkefnisins en gert er ráð fyrir því að setja það í loftið í febrúar. Lögð er áhersla á að fá aðildarfélaga með í lið.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.15